

AUGLÝSING

um umferð á Flúðum í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Í samræmi við samþykkt hreppsnefndar Hrunamannahrepps í Árnessýslu hinn 8. júní 2011 og 3. málsgrein 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, samanber b-lið 16. gr. laga nr. 66/2006, hefur lögreglustjórinn á Selfossi ákveðið að hámarkshraði á íbúðargötum á Flúðum verði framvegis 30 kílómetrar miðað við klukkustund.

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn á Selfossi, 24. október 2011,

Ólafur Helgi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 11. nóvember 2011